

Starfsafmæli



Það er fátt skemmtilegra en að fá fallega kveðju á tímamótum. Með Zenter geturðu stillt sendingar fram í tímann og óskað starfsmönnum þínum til hamingju með starfsafmæli með tilheyrandi kveðju eða gjöf.

Tölvupóstur eða SMS sem segir “Til hamingju, þú ert búin að vinna hjá okkur í eitt ár í dag. Meðfylgjandi er gjafabréf á uppáhalds staðinn okkar....Njóttu vel!

Hvernig?



Hér er einfaldur ferill á ferð þar sem þú stillir sendinguna fram í tímann og heillar fólkið þitt. Reyndu að byggja ferilinn upp þannig að það sé stígandi í hverjum pósti og viðkomandi fái hlýja kveðju á t.d. 1 árs starfsafmæli sínu en enn betri kveðju ári síðar. Til að vera alveg örugg(ur) með að hitta í mark með gjöf þá er ágæt hugmynd að spyrja eldra starfsfólk.

“Hvað myndir þú vilja fá í 1, 2 eða 5 ára starfsafmæli?”

Af hverju?



Fjölmargar rannsóknir sýna að ánægt starfsfólk býr til ánægða viðskiptavini og markmið allra stjórnenda er að fjölga ánægðum viðskiptavinum. Að heilla starfsfólkið sitt er ein leið af mörgum til að ná því markmiði. Settu inn í dagatalið þitt einu sinni á ári að endurskoða gjafir og kveðjur til þess að vera nútímaleg(ur) í orðavali og gjöfum. Ekki gefa t.d. gjafabréf á veitingastaðinn sem var hip og cool fyrir þremur árum!

Þetta er ekki eitt af þeim atriðum sem reddast.



Hvað þarf ég að kunna?

• Stofna feril • Kunna að búa til seinkun • Tengja svör í könnun við markhóp • Lesa úr skýrslum